



Fréttabréf FFA júlí 2023

Árbók FÍ og tímaritið Ferðir



Við minnum ykkur á að nálgast árbókina og Ferðir þegar þið eigið leið í bæinn á milli kl. 14 og 17 en þá er skrifstofa FFA opin. Að venju eru þetta áhugaverð og vönduð rit. Svo er tilvalið að taka árbókina með sér í ferðalagið í sumar ef farið er um Suðurlandið.

Skálar FFA

Nú eru allir skálar FFA opnir og skálaverðir komnir til starfa. Helsta nýjungin í sumar er að þjónustuhúsið við Drekgil, Víti, hefur verið opnað og þar er nú veitingasala sem fer vel af stað. Aðstaða í Lindum fyrir tjaldgesti hefur verið bætt til muna með stóru tjaldi þar sem fólk getur matast og haft aðsetur ef þarf. Hálendisvaktin hefur afnot af Þorsteinsskála fram til 20. ágúst.



Einhverjar ferðir féllu niður í júní af ýmsum orsökum en þær sem voru farnar gengu vel og þátttaka nokkuð góð. Í júlí er fjöldi fjölbreyttra ferða og nokkrar þeirra uppseldar og því ekki með í upptalningu hér fyrir neðan. Ef pláss losna í þær verður það auglýst.

Ferðir FFA í júlí

- 1. júlí: Gengið um Þorvaldsdal í minningu Bjarna Guðleifssonar
- 1. júlí: **Barna- og fjölskylduferð.** Steinmenn ofan við Kjarnaskóg
- 8. júlí: Grímubrekkur við Dalvík
- 9. júlí: Timburvalladalur-Hjaltadalur. Rafhjólaferð.
- 13.-14. júlí: **Barna- og fjölskylduferð.** Derrir í Þorvaldsdal. Gist
- 15. júlí: Kerling. Sjö tinda ferð
- 16.-19. júlí: Bræðrafell - Askja
- 22. júlí: Tunguheiði á Tjörnesi
- 23. júlí: Kinnarfell - síðdegi í sveit
- 29. júlí: Bæjarfjall við Dalvík